



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun
Laugarnesskóla

2025-
2026



Starfsáætlun

Starfsáætlun Laugarnesskóla er samantekt upplýsinga um starfsemi skólans. Útgáfa árlegrar starfsáætlunar er lögbundin og ber skólastjóri ábyrgð á þeirri vinnu. Starfsáætlun breytist ár hvert og meðal annars gerð grein fyrir skóladagatali, lengd leyfa, skólareglum, stoðþjónustu og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal ár hvert lögð fyrir skólaráð til samþykktar og því næst skal hún lögð fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar til staðfestingar en ráðið hefur það hlutverk að hafa eftirlit með því að starfsáætlun sé unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Inngangur

Menntastefna Reykjavíkur til 2030 mótar áherslupætti grunnskólastarfs í borginni. Markmið stefnumótunarinnar sem lauk á árinu 2018 var að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið til lengri og skemmri tíma og brýnustu aðgerðir í menntamálum með áherslu á hag barna og ungmenna. Stefnan á að vera hvatning og innblástur fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar borgarinnar, þar sem þessar stofnanir mynda samverkandi heild fyrir börnin í borginni. [Sjá nánar hér.](#)

Stjórnskipulag skólans

Í 2. kafla laga um grunnskóla 91/2008 er kveðið á um stjórnskipulag skóla. Ráðherra fer með yfirstjórn málefna grunnskóla en sveitarfélög sjá um almennan rekstur og kostnað vegna skólahalds. Í umboði sveitarstjórnar starfar skólanefnd, í Reykjavík nefnt skóla- og frístundaráð, sem sér um framkvæmd og skipulag verksins. Ráðið ræður yfirstjórn skólans sem síðan skipuleggur skólastarfið í samræmi við stefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá og grunnskólalög.

Stefna skólans

Gildi Laugarnesskóla eru: lífsgleði, nám, samvinna, kærleikur og ósk. Með öðrum orðum má segja að það megi vera gaman í skólanum, nemendur eigi þó að leggja hart að sér í náminu, nemendur og starfsfólk hjálpist að til að nemendur nái árangri, meðlimir skólasamfélagsins sýni væntumþykju og hlýlegt viðmót í samskiptum og að nemendur eigi að þora að láta sig dreyma stórt.

Í Laugarnesskóla er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, á list- og verkgreinar sem og á íþróttir og útivist. Skólinn starfar samkvæmt hugmyndafræði leiðsagnarnáms, sem þýðir að það skiptir máli að nemendur viti hvað þeir eigi að læra, ekki bara hvað þeir eigi að gera. Nemendur eiga að finna að skólinn hafi miklar og jákvæðar væntingar til þeirra en að til þeirra séu gerðar raunhæfar kröfur.


Laugarnesskóli er Réttindaskóli Unicef sem þýðir að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er sýnilegur hluti af daglegu skólastarfi. Nemendur eiga að vera meðvitaðir um réttindi sín, en einnig um ábyrgð sína og skyldur.

Í Laugarnesskóla er fjölbreytileikanum fagnað. Nemendur og starfsfólk skólans á fjölskyldurætur að rekja til fjölmargra landa og tungumálin sem töluð eru hjá meðlimum skólasamfélagsins skipta tugum. Laugarnesskóli hefur hlotið Regnbogavottun



Reykjavíkurborgar sem hinseginvænn vinnustaður fyrir börn og fullorðna. Í skólanum er lögð rík áhersla á að við erum öll jöfn þótt við séum ekki eins.

Skipurit og stjórnerfi



Stjórnendateymi

- Björn Gunnlaugsson skólastjóri
- María Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri sem jafnframt er deildarstjóri 1. – 2. bekkjar
- Erla Baldvinsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu.
- Sesselja Ósk Vignisdóttir deildarstjóri 3.- 6 bekkjar

Teymið fundar vikulega. Kennarafundir, deildarfundir og starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði.

Stefán Laxdal Aðalsteinsson umsjónarmaður fasteignar situr fundi stjórnendateymis þegar þurfa þykir.

- Fjármálaráðgjafi: Guðmundur Jóhannsson
- Ritari/skjalavörður: Eiríkur Fannar Jónsson
- Bókasafn: Vignir Ljósálfur Jónsson og Ágústa Jónsdóttir
- Yfirmaður mötuneytis: Ingibjörg Helga Ingólfssdóttir



Skólamenning

Skólabragur og stefna gegn ofbeldi

Í skólanum er unnið markvisst að því að koma á jákvæðum og góðum aga með því að vinna samkvæmt PBS vinnulagi. Nemendum er kennt að leysa ágreiningsmál friðsamlega og á jákvæðan hátt, taka tillit til annarra og skilja að engir tveir einstaklingar eru eins.

Til þess að öðlast færni í að leysa ágreiningsmál farsællega þurfa allir að temja sér umburðarlyndi og víðsýni. Lýðræðisleg vinnubrögð og virðing fyrir skoðunum annarra verða því leiðarljós starfsins í skólanum.

Nemendur eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfið og samfélagið. Markmiðið er samkennd og virðing, færni í mannlegum samskiptum og aukinn skilningur.

Ávallt er leitast við að styrkja samkennd og samstarf starfsfólks, nemenda og foreldra. Einnig hefur skólinn þá framtíðarsýn að nýta menningarrætur sínar og halda í heiðri ýmsum hefðum sem hafa unnið sér sess í sögu skólans en um leið skapa nýjar hefðir fyrir komandi kynslóðir. Með markvissum hætti er sífellt reynt að nýta auðinn í grenndarsamfélaginu til að endurnýja og styrkja skólastarfið.

Stefna í agamálum

PBS, er skammstöfun fyrir enska heitið *Positive Behavior Support* og er heildstætt vinnulag sem ætlað er til þess að styðja skóla í að koma á góðum og jákvæðum aga. Tilgangur PBS er að skapa gott skólastarf með því að taka á hegðun með jákvæðum og kerfisbundnum hætti í stað þess að einblína á neikvæða hegðun og refsingar. Kerfið miðar að því að allir stafsmenn skóla komi að mótun og viðhaldi æskilegrar hegðunar í skóla. Kenningarlegur grunnur PBS er í atferlisstefnu og á þetta kerfi rætur sínar að rekja til Oregon University þar sem margir af virtustu fræðimönnum innan atferlisfræðinnar stunda rannsóknir sínar.

Tilgangurinn er í fyrst lagi að auka félagsfærni og nám með því að skilgreina, kenna og styðja við æskilega hegðun. Í öðru lagi er tilgangurinn að draga úr óæskilegri hegðun með því að búa til skýrar og fyrirsjáanlegar reglur um afleiðingar óæskilegrar hegðunar. Í þriðja lagi að samræma aðgerðir starfsfólks skóla til þess að auka æskilega hegðun og koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegri hegðun.

Skólareglur og skólabragur

Skólareglur Laugarnesskóla eru unnar með hliðsjón af og í samræmi við [14. grein laga um grunnskóla](#) nr. 91/2008, [reglugerð nr. 1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og [verklagreglur Reykjavíkurborgar um þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda](#).

Einnig eru áherslur í PBS, forvarnar- og hegðunarkerfi sem notað er í skólanum hafðar til hliðsjónar.

[Skólareglur ásamt upplýsingum um viðurlög við brotum á skólareglum má finna hér.](#)



Menntastefna Reykjavíkurborgar

Helstu áherslupættir skólans í menntastefnu

Menntastefna Reykjavíkurborgar byggir á fimm grundvallarpáttum: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.

Félagsfærni

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

Laugarnesskóli er Réttindaskóli Unicef og við skólann starfar Réttindaráð skipað fulltrúum nemenda, kennara og stjórnenda. Ráðið er vettvangur til þess að nemendur Laugarnesskóla hafi raunverulega rödd í skólastarfinu og að á hana sé hlustað.

Sjálfsefning

Sjálfsefning felur í sér að barnið öðlast trú á eigin getu, lærir að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefning byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmýnd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, trú á eigin getu, líðan, námsárangur og árangur í lífinu almennt.

Laugarnesskóli starfar samkvæmt hugmyndafræði leiðsagnarnáms, þar sem unnið er markvisst að því að nemandi átti sig á því hvar hann er staddur gagnvart námsefninu og hvernig eigi að ná auknum árangri.

Læsi

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnan hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í viðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill og forsenda að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

Skólabókasafn Laugarnesskóla er sérstök stofnun innan stofnunarinnar. Þar er unnið fjölbreytt og öflugt starf með það að markmiði að glæða áhuga og ánægju nemenda af lestri. Á bókasafninu eru starfræktir ótalmargir bóaklúbbar, samkeppnir og leikir af ýmsu tagi laða nemendur að safninu og þar eiga þau sinn griðastað.



Sköpun

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi eða samfélagið.

Allir nemendur Laugarnesskóla nýta spjaldtölvur í daglegu skólastarfi sem eykur möguleika á fjölbreytni í verkefnaskilum. List- og verkgreinakennsla er í hæsta gæðaflokki og glæðir sköpunargáfu nemenda auk þess að þjálfa handbragð. Allir bekkir semja og flytja skemmtidagskrá á palli á hverju skólaári fyrir nemendur og aðstandendur.

Heilbrigði

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.

Laugarnesskóli er heilsueflandi grunnskóli en leggur einnig sérstaka áherslu á íþróttir, útikennslu og útivist. Skólaselið Katlagil í Mosfellsdal hefur þar veigamiklu hlutverki að gegna en þangað fara allir bekkir í vettvangsferðir tvisvar á ári þar sem ýmis verkefni eru unnin sem tengjast heilbrigði og umhverfismennt.



Mannauður

Starfsmannastefna

[Starfsmannastefna Laugarnesskóla er aðgengileg hér.](#)

Starfsmannalisti

[Starfsmannalisti er á heimasíðu skólans.](#) Hann er uppfærður á haustdögum ár hvert og síðan eftir þörfum.

Verksvið starfsmanna

Stefnt er að því að starfslýsingar séu til fyrir öll störf strax við ráðningu. Starfslýsingar skulu endurskoðaðar með reglubundnum hætti. [Starfslýsingar má sjá hér.](#)

Trúnaðarmenn /öryggisverðir

Trúnaðarmenn eru Rósa Signý Baldursdóttir fyrir KÍ og Ester Guðmundsdóttir fyrir Sameyki. Öryggisverðir eru Stefán Laxdal umsjónarmaður fasteignar og María Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Öryggistrúnaðarmenn eru Einar Hróbjartur Jónsson kennari og Þórunn Borg Ólafsdóttir þroskaþjálfari.

Símenntun starfsmanna/starfsþróun

Frumkvæði starfsmanna, metnaður og árvekni í fræðslu og starfsþróun er lykill að árangri. Í Laugarnesskóla er stefnt að því að veita öllu starfsfólki tækifæri til að viðhalda menntun sinni með símenntun. Starfsþróun felst í því að gefa starfsmönnum Laugarnesskóla kost á að bæta hæfni sína í störfum og þekkingu. Leiðarljós Laugarnesskóla í starfsþróun er að:

- skapa starfsfólki skilyrði til starfsþroska og skólaþróunar
- þróa eigin starfshætti til að þjóna hagsmunum nemenda betur
- afla nýrrar þekkingar og hæfni til að gegna þeim störfum sem viðkomandi er falið að sinna.
- styrkja sjálfstraust og sjálfsvirðingu allra starfsmanna skólans og auka færni þeirra í samskiptum við samstarfsmenn og aðra sem skólinn þjónustar.
- setja sér krefjandi markmið og kanna reglulega hvort þeim hafi verið náð
- nýta þau tækifæri sem bjóðast til starfsþróunar
- sýna frumkvæði við að miðla af eigin þekkingu og reynslu
- hvetja hvert annað til dáða
- vera opin fyrir nýjum hugmyndum og tilbúin til að reyna þær
- starfsþróunaráætlun skólans sé í sífelldri endurskoðun.

Leiðarljós símenntunar Laugarnesskóla í ár verður að styrkja þá þætti sem hafa verið okkar leiðarljós síðustu ár. Leiðsagnarnám, Byrjendalæsi, Réttindaskólaverkefni, Regnbogafræðsla, umhverfismennt og PBS.



Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlana.

Aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar eru skólastjóra til aðstoðar og starfsfólk tekur þátt í að móta hana. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Samkvæmt kjarasamningum kennara eru ætlaðar 150 klukkustundir til símenntunar. Í starfsmannasamtölum er rætt um starfsþróun, framkvæmd hennar, árangur og óskir fyrir næsta skólaár. [Starfsþróunaráætlun má finna hér.](#)

Skóladagatal

Skóladagatal fyrir skólaárið 2025-2026 er að finna á heimasíðu skólans.

Skóladagar

Það sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemendur eiga frí. Skóladagar eru 180 á níu mánuðum og þar af eru 10 dagar með skertri/sveigjanlegri kennslu, það er að segja nemendur eru ekki fullan skóladag í skólanum. Vikulegur kennslutími er:

- 1.-4. bekkur 1200 mín
- 5.-7. bekkur 1400 mín

Kennsludagar

Skólaárinu í Laugarnesskóla er skipt í þrjár annir og í lok hverrar annar fá foreldrar og nemendur yfirlit yfir stöðu nemandans.

Haustönn er frá skólasetningu til 7. nóvember

Vetrarönn er frá 10. nóvember til 27. febrúar

Vorönn er frá 2. mars til 9. júní

Skólabyrjun - skólalok

Skólasetning haustið 2025 er 22. ágúst og skólaslit vorið 2026 verða 10. júní.

Jólaleyfi

Jólaleyfi er dagana 22. desember til 2. janúar

Páskaleyfi

Páskaleyfi er dagana 30. mars til 6. apríl

Vetrarleyfi

Vetrarleyfi á haustönn er dagana 24. - 28. október

Vetrarleyfi á vetrarönn er dagana 19. - 20. febrúar.

Umhverfis dagar

Ferðir í Katlagil að hausti og vori eru helgaðir náttúru og umhverfi.

Útivistardagar

Íþróttadagur verður 9. júní og er hann helgaður útivist og hreyfingu



Starfsdagar kennara

Starfsdagar kennara eru:

- 15. - 21. ágúst (undirbúningsdagar að hausti)
- 29. október
- 5. janúar
- 23. febrúar
- 7. apríl
- 15. maí
- 11., 12. og 15. júní (undirbúningsdagar að vori)

Skertir kennsludagar eru 22. ágúst, 6. nóvember, 18. og 19. desember, 18. febrúar, 4. mars, 18. maí og 9. og 10. júní.

Foreldraviðtöl/Nemendaviðtöl

Leiðarljós viðtalanna er að foreldrar og kennari eru teymi sem vinna að velferð barnsins. Áhrif foreldra á nám og líðan barna eru óumdeild og viðtölin eiga að tryggja að allir foreldrar eigi hlutdeild í skólagöngu barna sinna. Nemendur læra að taka ábyrgð á eigin námi með því að skipuleggja það í samráði við kennara og foreldra. Viðtöl eru þrisvar á vetri og er tímasetning þeirra á skóladagatali skólans. Að jafnaði eru viðtölin um 15-20 mínútna löng og umsjónarkennari boðar til viðtals og sendir gátlista með fundarboði. Þar gefst foreldrum tækifæri á að tilgreina efni sem þeir vilja ræða sérstaklega í viðtalinu.

Haustviðtal

Fyrir viðtalið er verkefnabók nemenda birt foreldrum þar sem hægt er að skoða stöðu nemanda í námi. Allir nemendur fá sendan heim gátlista um líðan í skólanum sem þeir fylla út með foreldrum. Umsjónarkennari fyllir út samsvarandi blað og nemandinn. Jafnframt setur nemandinn sér markmið og gerir drög að námsáætlun með foreldrum sínum. Í viðtalinu er líðan nemanda rædd, farið yfir markmið og rætt um stöðu nemanda í námi. Umsjónarkennari tekur saman upplýsingar um líðan nemendahópsins og upplýsir foreldra. Í sumum árgöngum hafa nemendur stýrt viðtalinu og sýnt verk sín.

Miðannarviðtal

Fyrir viðtalið er verkefnabók nemenda birt foreldrum þar sem hægt er að skoða stöðu þeirra í námi. Fyrir viðtalið fá allir nemendur sendan heim blaðið „3 stjórnur og ein ósk“ þar sem þeir meta hvað gekk vel. Umsjónarkennari fyllir út samsvarandi blað og nemandinn. Nemandinn metur einnig með foreldrum markmið haustannar og setur sér ný. Farið er yfir stöðu nemanda í námi. Í sumum árgöngum hafa nemendur stýrt viðtalinu og sýnt verk sín.

Vorviðtal/Gullakistuviðtal

Í lok skólaárs boða nemendur foreldra í viðtal sem þeir leiða og stjórna. Í viðtalinu skoða nemendur með foreldrum og öðrum gestum gullakistuna en í hana hafa nemendur valið bestu verk sín og fært rök fyrir vali á verkum í hana. Gullakistur nemenda sýna hvað í hverjum nemanda býr. Það er skylda skólans að koma til móts við og viðurkenna mismunandi þroska, getu og hæfileika. Með því að meta viðleitni nemenda og framfarir er oft hægt að hvetja nemendur til dádá. Gullakisturnar eru geymdar í skólanum milli ára til



að nemendur geti skoðað framfarir sínar yfir nokkur ár. Í viðtali fá nemendur vitnisburðarblað þar sem lagt er mat á þekkingu, leikni og virkni nemenda í námi. Jafnframt fá þeir afhend öll próf og kannanir.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru fastir liðir í starfsemi skólans. Farið er í ýmsar styttri ferðir í nágrenni skólans og umhverfið nýtt til náms og kennslu. Nemendur fara einnig í heimsóknir í Þjóðminjasafnið, Ásmundarsafn, Alþingishúsið og Hörpu. Að auki fara allir nemendur í dagsferð tvisvar sinnum á ári í Katlagil þar sem unnið er samkvæmt kennsluskipulagi umhverfisdaga. Vorferðir eru svo farnar í 5. og 6. bekk og eru það dagsferðir. Ekki er um fastar dagsetningar að ræða í þessum tilfellum en reynt að skipuleggja ferðirnar eftir veðri og aðstæðum hverju sinni. Nemendur og foreldrar/forráðamenn fá upplýsingar um fyrirhuguð ferðalög/vettvangsferðir tímanlega.

Komist nemandi af einhverri ástæðu ekki með í skipulagðar vettvangs- eða nemendaferðir er honum ætlað að mæta í skólann til annars skólastarfs. Ávallt skal gera ráðstafanir til þess að nemandi sem ekki kemst í ferðir fái umönnun eða kennslu á meðan á ferðinni stendur og tilkynna foreldrum/forráðamönnum ástæður og tilhögun. Ef ferðalag á vegum skólans stendur yfir nótt þarf skriflegt leyfi foreldra/forráðamanna. Um reglur í ferðum á vegum skólans er fjallað í skólareglum.



Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Börn af erlendum uppruna og börn sem hafa búið lengi erlendis fá viðbótar kennslu í íslensku og aðstoð við að ná tókum á skólastarfinu. Íslenskukennslan er tímabundin kennsla eftir þörfum hvers og eins. Ýmist er um einstaklings- eða hópkenndu að ræða. Stuðst er við Móttökuáætlun Reykjavíkurborgar er nemendur af erlendum uppruna byrja í skólanum.

Móttökuáætlun

Skólastjórnendur og deildarstjóri sérkennslu bera ábyrgð á innritun erlendra nemenda.

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar. Foreldrar og nemandi eru boðuð í skólann til kynningar áður en kennsla hefst. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri leiða nemandann og foreldra hans um skólann og kynna þeim húsnæðið og skólastarfið. Ef tók eru á kynnið hann einnig nemandann fyrir verðandi umsjónarkennara. Við komu nýs nemanda í bekk er sérstaklega stuðlað að því að hann tengist þeim sem fyrir eru og er þá einum eða nokkrum nemendum falið það hlutverk að fylgja honum um skólann fyrstu dagana og bjóða honum að vera með í frímínútum. Þegar tekið er á móti beiðni um skólavist fyrir erlent barn fá foreldrar í hendur upplýsingabækling fyrir erlenda foreldra grunnskólabarna. Þegar tekið er á móti beiðni um skólavist fyrir erlent barn fá foreldrar í hendur upplýsingabækling fyrir erlenda foreldra grunnskólabarna, innritunarblöð og grunnupplýsingar um skólann.

Túlkabjónusta

Sé þörf á útvegar skólinn túlka til að samskipti skólans og foreldra verði skýr og eins skilmerkileg og frekast er unnt. Túlkun er fengin í námskynningum, foreldraviðtölum, og alltaf þegar mikilvægt er að aðilar fái skýr og skilmerkileg skilaboð hver frá öðrum.

Íslenska sem annað mál

Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við nemendur af íslenskum sem erlendum uppruna. Námsgreinin íslenska sem annað mál nær til allra námsgreina. Nemendurnir geta hafið nám í íslenskum skólum á hvaða námsstigi sem er og með mismunandi íslenskukunnáttu og menntunarbakgrunn.

Í kennslunni er lögð áhersla á talmál, skilning, hlustun, lestur, ritun, menningarfærni, skólamál og námsfærni. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og tekið er mið af aldri og stöðu nemendanna hverju sinni. Markmið kennslunnar er að nemandi verði fær um að nota íslenskt mál og menningarfærni sér til framdráttar í samskiptum og sem grunn undir frekara nám. Enn fremur að nemandi:

- noti íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu og rituðu máli og skilji aðra
- noti íslensku til að taka þátt í samræðum og leikjum og taka tillit til viðmælenda
- hafi þroskað með sér menningarfærni sem auðveldar samskipti við önnur börn og fullorðna
- geti leikið sér með málið og prófað tilgátur um mál og málnotkun
- geti lesið einfalda texta sér til gagns og ánægju og tjáð sig um þá í töluðu og rituðu máli í samræmi við íslenskar málvenjur, aldur og þroska



Tilhögun kennslu, s.s. kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir og markmið verkefna eru sýnileg í Mentor.

Heimanám

Heimanámi er ætlað að gefa forráðamönnum tækifæri til að fylgjast með hvernig börnum þeirra gengur að takast á við nám og gefa foreldrum tækifæri til að fylgjast með því hvaða viðfangsefni verið er að fjalla um í skólanum. Í aðalnámskrá grunnskóla kemur skýrt fram að foreldrar og forráðamenn beri frumábyrgð á uppeldi barna sinn en jafnframt stendur þar að þeir hópar sem mynda skólasamfélagið vinni vel saman. Einn þáttur þessarar samvinnu er heimanám.

Markmið heimanáms í Laugarnesskóla er að:

- æfa lestur
- nemendur þjálfir enn frekar og rifji upp það sem kennt hefur verið í skólanum
- lesa og kynna sér námsefni til undirbúnings
- nemendur læri að taka ábyrgð á verkum.
- auka og dýpka skilning á námsefninu
- venja nemendur við ákveðin vinnubrögð og ögun í námi.
- vinna upp það sem ekki náðist að klára í kennslustundum
- nemendur öðlist smátt og smátt færni í að undirbúa sig fyrir skólann
- veita foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að taka þátt og fylgjast með námi barna sinna

Vikuáætlanir

Í Laugarnesskóla fá allir nemendur vikuáætlun í heimanámi. Vikuáætlanir eru settar inn á Mentor. Þar kemur fram áætluð heimavinna nemenda, ýmsar upplýsingar og tilkynningar. Þetta er gert til að nemendur og foreldrar þeirra geti skipulagt heimanámið.

Hlutverk foreldra í heimanámi

Mikilvægasta hlutverk forráðamanna er að skapa námsumhverfi heima. Þeir þurfa því að aðstoða börn sín við skipulagning og sýna inntaki námsins áhuga. Því er afar mikilvægt að foreldrar leiðbeini, örvi og hvetji börnin, allt eftir því hvað við á í hverju tilfelli.

Hlutverk nemenda í heimanámi

Nemendur skipuleggja heimavinnuna með foreldrum, gefa því forgang og skila því á réttum tíma. Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir að þeir hafa samþykkt að taka að sér verk og þurfa að sýna ábyrgð gagnvart því. Vinnuramminn er ein vika nema samið sé um annað. Áætlunargerðin er mjög mikilvæg og kennir barninu að skipuleggja sig. Allar áætlanir geta breyst og það er eins með heimavinnuáætlunina.

Hlutverk kennara gagnvart heimanámi

- Gefur greinargóðar upplýsingar um heimanámið í vikuáætlun
- Sér til þess að nemendur viti hvernig á að leysa verkefnin og þekki markmiðin.
- Gerir kröfur um vönduð vinnubrögð.
- Fer yfir heimanámið.
- Hefur samband við foreldra/forráðamenn ef þörf er á.



Heimanám er mikilvægur hluti af námi nemenda. Það stuðlar að betri námsárangri og því er nauðsynlegt að nemendur skilji mikilvægi þess að vinna vel og skipulega. Gott samstarf milli heimilis og skóla er mikilvægt og getur skipt sköpum um árangur í námi. Áhugi, aðstoð og hvatning frá foreldrum ber alltaf árangur.

Yngri nemendur fá heimanámsáætlanir hjá kennara og ber foreldrum að fylgjast með þeim. Nauðsynleg áhöld og námsgögn eiga alltaf að vera í skólatöskunni. Nemendur þurfa gott næði og góðar aðstæður til að geta sinnt heimanáminu vel. Vel skipulagður fastur tími, helst fyrir kvöldmat, hentar flestum nemendum best til að vinna heimanámið. Þannig má koma í veg fyrir að vinnunni sé frestað fram á síðustu stundu. Foreldrar þurfa að fylgjast vel með því að heimanámið sé unnið.

Stoðþjónusta

Meginmarkmið stefnu Reykjavíkurborgar [Betri borg fyrir börn](#) er að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum borgarinnar, uppfylla markmið laga og Aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn til sérkennslu sem best.

Ný lög um farsæld barna tóku gildi í byrjun árs 2022. Markmið laganna er að tryggja að börn og forsjáraðilar fái rétta aðstoð á réttum tíma frá réttum aðilum. Innleiðing laganna stendur yfir. Tengiliður farsældar í Laugarnesskóla er Erla Baldvinsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu.

Náms- og starfsráðgjöf

Kristrún Jónsdóttir er náms- og starfsráðgjafi í 50% starfshlutfalli við Laugarnesskóla. Viðtalstímar hennar eru samkvæmt samkomulagi og hægt að hafa samband gegnum netfangið kristrun.jonsdottir@reykjavik.is

Námsráðgjafi er talsmaður og trúnaðarmaður nemenda. Hann vinnur bæði að einstaklings- og hópráðgjöf. Nemendur geta leitað til námsráðgjafans að eigin frumkvæði og einnig geta foreldrar haft samband í síma skólans, sent tölvupóst eða komið í heimsókn. Fyllsta trúnaðar er gætt.

Foreldrar geta haft samband við námsráðgjafa vegna ýmissa mála sem snerta velferð barnsins. Til dæmis vegna erfiðleika í námi, námsleiða, prófkvíða, persónulegra mála, eineltis, samskiptaerfiðleika, upplýsinga um nám og störf og fleira.

Námsráðgjafi hefur einnig samband við foreldra að fyrra bragði og vinnur í nánú samstarfi við þá eftir því sem við á. Hann hefur samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan og utan skólans s.s. sérkennara, talkennara, skólahjúkrunarfræðing og skólasálfræðing; hann vísar málum til þeirra eftir því sem við á.

Skólaheilsugæsla

Heilsugæslan er á vegum Heilsugæslustöðvarinnar í Lágmúla 4 og við skólann starfar hjúkrunarfræðingur á þeirra vegum.



Heilsuvefurinn

[Heilsuvefurinn](#) er samstarfsverkefni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Lýðheilsustöðvar, Landlæknisembættisins og Barnaspítala Hringins. Markmiðið með þessum heilsuvef er að börn, unglingar og foreldrar hafi áreiðanlegar upplýsingar frá fagfólki um heilsutengda þætti.

6h heilsunnar byggir á sex hugtökum sem byrja öll á h og þau eru: hollusta, hreyfing, hamingja, hugrekki, hvíld og hreinlæti. Sjöunda hugtakið sem er kynheilbrigði hefur skírskotun í tölustafinn 6. Heilbrigðisfræðsla skólahjúkrunarfræðinga byggir á þessari hugmyndafræði og því þekkja skólabörn vel 6h heilsunnar.

Hlutverk og verkefni skólaheilsugæslu

Markmið heilsugæslu er að stuðla að því að barnið fái að þroskast við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Heilsuvernd skólabarna er markvisst framhald af ung- og smábarnaheilsuvernd til að efla heilbrigði og stuðla að velliðan barns í samvinnu við foreldra. Hjúkrunarfræðingur er í samvinnu við foreldra, kennara og annað starfsfólk skólans. Hlutverk hjúkrunarfræðings skólans er að fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska nemenda, heilsufari, klæðnaði, hreinlæti og aðbúnaði í skóla. Framkvæmd eru sjónpróf og heyrnarmælingar og fylgst er með líkamsvexti og þroska.

Skólahjúkrunarfræðingur fylgist sérstaklega með þeim börnum sem eiga við einhver vandkvæði að stríða, hvort sem þau eru af líkamlegum, andlegum eða félagslegum toga. Barninu er hjálpað við að leita úrlausna á þeim vandamálum sem það leitar með til hjúkrunarfræðings. Farið er með allar upplýsingar um nemendur sem trúnaðarmál

Skipulag og þjónusta við nemendur

Heilbrigðiseftirlit fer fram samkvæmt tillögum frá landlæknisembættinu og fer fram með eftirfarandi hætti:

6 ára: heyrnarmæling og viðtal við foreldra.

7 ára: sjónpróf.

9 ára: hæðar- og þyngdarmæling, sjónpróf, almenn læknisskoðun.

12 ára: hæðar- og þyngdarmæling, sjónpróf, litaskyn er athugað hjá drengjum, almenn læknisskoðun.

Lausnateymi

Yfirmaður sérkennslu stjórnar teyminu og er miðað við að funda tvisvar í mánuði. Markmið þess er að vinna að lausn mála sem teyminu berast í formi ráðgjafar og stuðningsvið kennara og annað starfsfólk skóla án tilvísunar. Kennarar sækja um aðstoð á sérstöku eyðublaði. Rituð er fundargerð sem fer í möppu viðkomandi nemanda. Tími fyrir eftirfylgd, ef þurfa þykir, er skráður í fundargerð.

Tilgangur starfs: Að auðvelda stjórnun og markvissari vinnubrögð þannig að nemendum verði auðveldað að fá sérfræðiaðstoð og úrvinnslu mála.

Í lausnateymi sitja ráðgjafi frá Norðurmiðstöð, deildarstjóri stoðþjónustu, forstöðumaður frístundaheimilis, forstöðumaður félagsmiðstöðvar ásamt í það minnsta einum starfsmanni skóla.



Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu

[Heildaráætlun Laugarnesskóla um stuðning í námi og kennslu má sjá hér.](#)

Einstaklingsnámskrá

Einstaklingsáætlun er gerð fyrir nemendur ef þörf þykir á að gera verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og /eða kennsluháttum miðað við það sem öðrum nemendum er boðið. Sérkennarar og umsjónarkennarar fara yfir stöðu nemenda og vinna síðan áætlun í samráði við foreldra og nemendur.

Ákveðið er í hvaða formi samskipti við heimili verða. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að einstaklingsáætlun sé gerð en hún er unnin í samvinnu sérkennara og umsjónarkennara og fylgt eftir af sérkennara.

Mat umsjónarkennara er byggt á margs konar skimunum, könnunum og prófum. Í öllum árgöngum eru lagðar fyrir ákveðnar kannanir á hverju ári. Auk þess eru ýmsar aðrar kannanir og próf sem kennarar leggja fyrir m.a. við annaskipti.

Sérkennarar greina bæði lestrar -tal- og stærðfræðierfiðleika með viðurkenndum, stöðluðum, greiningartækjum. Endurmat á nemendahópnum fer fram a.m.k. þrisvar á vetri til þess að fylgjast með því að nemendur sem þurfa á sérkennslu að halda, fái hana.

Samstarf við Norðurmiðstöð

Grunnskólateymi er þverfaglegt teymi sem í sitja sálfræðingar, kennslu- og sérkennsluráðgjafi, félagsráðgjafar/unglingaráðgjafi og frístundaráðgjafi. Grunnskólateymið fundar vikulega á fimmtudögum.

Ráðgjafi frá Norðurmiðstöð er með fasta viðveru í skólanum á þriðjudögum

Sálfræðipjónusta við Laugarnesskóla er rekin af stuðnings- og ráðgjafardeild Norðurmiðstöðar

Samstarf við sérfræðipjónustu

Kennarar vísa nemendum til sálfræðings í samráði við foreldra með formlegri tilvísun. Foreldrar geta þó einnig leitað aðstoðar að eigin frumkvæði. Allar tilvísanir og beiðnir um aðstoð eru kynntar og ræddar á fundum nemendaverndarráðs sem forgangsraðar verkefnum. Rétt er að benda foreldrum á að mikilvægt er að taka mál til meðferðar áður en þau verða of stór.

Sérkennsluráðgjafar sinna ráðgjöf um sérkennslu eða sértæka aðstoð við barn í grunnskóla þar með talið aðstoð við gerð einstaklingsnámskráa. Kennsluráðgjöf felur m.a. í sér ráðgjöf til starfsfólks grunnskóla um kennsluhætti og skólaþróun.



Að auki hefur skólinn samstarf við Brúarskóla vegna nemenda með sértækan hegðunarvanda.

Sálfræðingur

Sálfræðipjónusta við Laugarnesskóla er rekin af stuðnings- og ráðgjafardeild Norðurmiðstöðvar. Sálfræðingur hefur takmarkaða viðveru í skólanum.

Samstarf við BUGL

Samstarf er við BUGL í gegnum Norðurmiðstöð.

Námsver/sérkennsluver

Í Laugarnesskóla hefur verið í þróun undanfarin skólaár, sérúrræði, Smiðja, sem ætluð er sem tímabundið úrræði fyrir nemendur sem rekast mjög illa í almennum bekk. Reynslan hefur sýnt að það er þörf fyrir slíkt úrræði. Í Smiðju fer fram atferlismótun fyrir nemendur með hegðunarvanda. Stuðningur og afdrep fyrir nemendur sem þurfa að fara í séraðstæður.

Einn kennari, þroskaþjálfar, leikskólakennarar og aðrir stuðningsaðilar sem koma með viðkomandi nemendum vinna í Smiðju. Kennari með menntun í atferlismótandi vinnubrögðum heldur utan um starfið og gerir áætlanir fyrir nemendur.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Í ráðinu sitja skólastjórnendur, sálfræðingur skólans og skólahjúkrunarfræðingur. Aðrir aðilar s.s. fulltrúi frá barnaverndaryfirvöldum, félagsráðgjafi, námsráðgjafi, þroskaþjálfari, foreldrar og kennarar tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

Hlutverk

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur. Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu. Ávallt skal vísa málum til ráðsins með formlegum hætti. Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðipjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu.

Starfsreglur

Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur. Má gera það með tölvupósti eða bréflega.

Fulltrúar nemendaverndarráðs geta fundað með óformlegum hætti til að ræða um hvort taka skuli einstaka mál fyrir formlega. Telji nefndarmenn ástæðu til að fjalla á formlegan hátt um einstaka mál skal vísa málinu til ráðsins eftir þeim verklagsreglum sem að framan eru taldar.

Að öðru leyti vísast í lög og reglugerðir sem snerta starfsemi nemendaverndarráðs.



Mat á skólastarfi

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga, og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Skólinn framkvæmir mat á skólastarfinu árlega og eru skýrslur birtar á heimasíðu skólans.

Áætlun um innra mat fyrir skólaárið

Nýjar áætlanir um innra mat í Laugarnesskóla verða útbúnar á skólaárinu sem nú er að hefjast. Bæði verður um að ræða langtímaáætlun og áætlun fyrir skólaárin 2025-26 og 2026-27. Þessar áætlanir verða birtar á vef skólans þegar vinna við gerð þeirra lýkur.

Skólaráð

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald og skal slíkt ráð starfa við hvern grunnskóla. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans. Ráðið fjallar m.a. um eftirfarandi málefni:

Skólanámskrá skólans

Árlega starfsáætlun

Rekstraráætlun

Þegar fyrirhugaðar eru miklar breytingar á skólahaldi sendir skólaráð frá sér umsögn um málið áður en endanleg ákvörðun er tekin. Skólaráð hefur það hlutverk einnig að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Ráðið er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, þessir aðilar eru:

Tveir fulltrúar kennara

Einn fulltrúi annars starfsfólks viðkomandi skóla

Tveir fulltrúar nemenda

Tveir fulltrúar foreldra

Skólastjóri

Einn aðili úr grenndarsamfélagi skólans

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess, auk þess ber honum að boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags skólans a.m.k. einu sinni á ári.



Verkefnaskrá skólaráðs

Mánuður	Verkefni
25. september	Skipulag funda skólaárið 2025-2026 Skólahúsnæði Laugarnesskóla Starfsáætlun lögð fram til samþykktar
27. nóvember	Kynning á fulltrúum nemenda í skólaráði Skólahúsnæði Laugarnesskóla Lesferill
29. janúar	Skóladagatal - drög lögð fram til kynningar Stjórn foreldrafélags kemur til fundar Skólahúsnæði Laugarnesskóla
26. mars	Skóladagatal lagt fram til samþykktar Skólahúsnæði Laugarnesskóla Skipulag næsta skólaárs Kynning frá Hugmyndaráði
28. maí	Skólapúlsinn Lesferill Innra mats áætlun kynnt Skólahúsnæði Laugarnesskóla

Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf

Stefna Laugarnesskóla í foreldrasamstarfi

Laugarnesskóli hefur mótað metnaðarfulla og ítarlega [stefnu í foreldrasamstarfi](#).

Áætlun um foreldrasamstarf í Laugarnesskóla miðar að því að bæta líðan og nám nemenda skólans. Til að ná settum markmiðum er ætlunin að:

- Viðhafa jákvætt viðhorf.
- Leggja áherslu á gagnkvæma virðingu.
- Veita reglulegar upplýsingar um nám og líðan nemenda í skólanum.
- Vera einlæg í samskiptum.
- Bera sameiginlega ábyrgð á nemendum.
- Sameinast um að kenna nemendum að taka ábyrgð á eigin námi og hegðun.
- Sýna umburðarlyndi gagnvart margbreytileika nemenda.

Hér má sjá [kynningarmyndband um foreldrasamstarfið](#)



Foreldrafélag

Allir foreldrar og forráðamenn nemenda í Laugarnesskóla eru félagar í Foreldrafélagi Laugarnesskóla. Félagið hefur aðstöðu í skólanum til fundahalda og annarrar starfsemi. Stjórn foreldrafélagsins samanstendur af 5 aðalmönnum sem kosnir eru til 2 ára í senn og 2 varamönnum sem kosnir eru til eins árs, á aðalfundi félagsins.

Félagið á fulltrúa í SAMFOK, samtökum foreldrafélaga og skólaráða í Reykjavík.

Foreldrar eru hvattir til að vera virkir í foreldrastarfi skólans, þannig verður góður skóli enn farsælli og árangur og líðan barna okkar enn betri.

Kynning, lög og starfsreglur

Lög Foreldrafélags Laugarnesskóla

- 1.gr. Félagið heitir Foreldrafélag Laugarnesskóla og er heimili þess í Reykjavík
2. gr. Í félaginu eru allir forráðamenn nemenda í Laugarnesskóla.
3. gr. Markmið félagsins eru að stuðla að heill og hamingju nemenda í Laugarnesskóla með því að :

- Styðja skólann og skólastarfið í heild.
- Vera innbyrðis samtarfsvettvangur forráðamann sem eiga börn í skólanum.
- Efla og tryggja gott samstarf forráðamanna og starfsfólks skólans.
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- efla almennt félagstarf og umræður um skóla- og uppeldismál.
- Leggja skólanum lið í að bæta aðstöðu til náms og félagsstarfs.
- Styðja við lista- og menningarstarf innan skólans.

4. gr. Unnið skal að markmiðum félagsins með því að:

- fylgjast með skólastarfi á reglulegum fundum með skólastjórnendum.
- Stuðla að auknum kynnum barna, forráðamanna og starfsmanna skólans.
- Kynna sér kennsluhætti og uppeldismarkmið skólans, til dæmis með starfi **skólaráðs**.
- Koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
- Skipa bekkjarfulltrúa í hverja bekkjardeild.
- Bekkjarfulltrúar skipuleggi og undirbúi bekkjarkvöld sem eru sameiginleg með nemendum, forráðamönnum og kennurum hinna einstöku bekkja.
- Standa fyrir upplýsingamiðlun til forráðamanna.
- Standa fyrir félags-, lista- og menningarstarfi innan skólans.
- Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök þeirra.

5. gr. Stjórn foreldrafélagsins er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Stjórnin skal skipuð formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Ritari gegnir jafnframt hlutverki varaformanns. Stjórnarmenn skipta með sér verkum. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir stjórnarmenn annað árið og þrír hitt árið. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Kjósa skal 2 skoðunarmenn reikninga. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.



6. gr. Á aðalfundi skal kjósa **2 fulltrúa úr hópi foreldra í Skólaráð** til tveggja ára og jafnmarga til vara. **Skólaráð** starfar samkvæmt lögum um **grunnskóla nr. 91/2008**.
7. gr. Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar en október ár hvert. Til fundarins skal boðað með að minnsta kosti sjö daga fyrirvara. Á fundinum skulu fara fram venjuleg aðalfundarstörf auk annarra mála sem kynnt skulu í fundarboði.
8. gr. Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að skipa nefndir um afmörkuð viðfangsefni. Stjórnin setur nefndum verkáætlun í samráði við þær.
9. gr. Í upphafi skólaárs skal á námskynningu kjósa 2 fulltrúa forráðamanna úr hverri bekkjardeild. Hlutverk þeirra er að efla og styrkja samstarf forráðamanna, skipuleggja bekkjarheimsóknir og félagsstarf innan bekkjardeilda og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hversrar bekkjardeildar. Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Stjórn félagsins setur bekkjarfulltrúm starfsreglur.
10. gr. Fulltrúaráð skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á skóla árinu. Stjórn félagsins undirbýr og boðar til funda þess. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf forráðamanna í bekkjardeildum og verkefni foreldraráðs.
11. gr. Stjórn félagsins getur sinnt ágreiningsmálum sem upp kunna að koma og varða starfssvið eða félagsmenn þess. Stjórnin getur beitt sér að lausn þeirra meðal annars með því að koma þeim á framfæri við rétta aðila.
12. gr. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda sé það tilkynnt í skriflegri fundarboðun með minnst sjö daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur sé til hans boðað.

Verkefnaskrá

Verkefni Foreldrafélagsins eru margvísleg:

- Kynning á starfsemi félagsins
- Leikhúsferðir
- Jólaföndur
- Páskabingó
- Öskudagsskemmtun og dótadagur í samstarfi við Laugarsel og Laugarneskirkju
- 10 ára í tjaldi í samvinnu við Laugarneskirkju og Skátafélagið Skjöldunga
- Þátttaka í undirbúningi og umsjón með veitingasölu á hverfishátíðinni Laugarnes á ljúfum nótum

Nefndir og starfshópar:

- Umhverfis- og heilsunefnd
- International families; skapa skólabrag sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og samvinnu fjölskyldna af ólíkum þjóðernum.
- Vinafjölskyldur.
- Þorpið; jafningjafræðsla fyrir foreldra þeirra barna sem þurfa aukinn stuðning í skólasamfélaginu. Megintilgangur að efla samvinnu á milli foreldra og skóla. Hittist mánaðarlega og styður og miðlar þekkingu.
- Skólapeysur
- Stefnumótun um samvinnu Laugarnesskóla og foreldra



Nöfn stjórnarmanna

Eyrún Helga Aradóttir - Formaður, fulltrúi í skólaráði og fulltrúi í Foreldraþorpinu

Ljósbrá Logadóttir - Gjaldkeri

Elísabet Hrund Salvadóttir - Varaformaður og ritari

Steinunn Dögg Steinsen - Meðstjórnandi og fulltrúi í Foreldraþorpinu

Grétar Már Axelsson - Meðstjórnandi og fulltrúi í skólaráði

Kathryn Elizabeth - Meðstjórnandi

Agnes Olejarz - Meðstjórnandi

Skúli Theodors Ólafsson - Meðstjórnandi

Sunna Dís Másdóttir - Meðstjórnandi

Baldur Sigmundsson - Meðstjórnandi

Steinar Þór Bachmann - Meðstjórnandi

Bekkjarfulltrúar og bekkjarstarf

Bekkjarfulltrúar eru kosnir, 2-4 í hverjum bekk, á námskynningu sem umsjónarkennari heldur fyrir foreldra í byrjun skólaárs. Stjórn foreldrafélagsins heldur fund með öllum bekkjarfulltrúum a.m.k. tvisvar á ári og er þeim innan handar varðandi skipulagningu og upplýsingar.

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að vera tengiliðir og verkstjórar, þeir:

- Taka þátt í starfi foreldrafélagsins og virkja aðra foreldra til samstarfs.
- Skipuleggja bekkjarskemmtun utan skólatíma til að nemendur og foreldrar hittist, kynnist og eigi ánægjulega stund saman. Viðmið: Hittast a.m.k tvisvar fyrir jól og tvisvar e. jól, þar af eitt skipti þar sem allur árgangurinn hittist.
- Skipuleggja vinahópa.
- Skipuleggja heimsóknir foreldra í bekk einu sinni á skólaári í samráði við kennara.
- Skapa vettvang fyrir foreldra til að hittast, kynnast og spjalla t.d. með kaffihúshitningi. Mjög gott er að samræma reglur fyrir bekkinn s.s. notkun tölva, boð í afmæli, afmælisgjafir, bannaðar kvikmyndir og tölvuleikir o.s.frv.
- Mæta á aðalfund foreldrafélagsins sem haldinn er í byrjun skólaárs.

Nöfn og netföng bekkjarfulltrúa

[Lista yfir bekkjarfulltrúa skólaárið 2025-26 má nálgast hér.](#)

Nemendafélag skóla - Hugmyndaráð

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Hugmyndaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Nemendur hvers bekkjar velja sér bekkjarfulltrúa og varamann hans í byrjun hausts.



Bekkjarfulltrúi situr í hugmyndaráðinu og er talsmaður síns bekkjar ásamt því að vera umsjónarkennara og stjórnendum til ráðuneytis um innri mál bekkjarins.

Kynning, lög og starfsreglur

Nemendafélagi Laugarnesskóla var gefið nafnið Hugmyndaráð Laugarnesskóla, á fyrsta starfsári sínu; 2007-2008. Hugmyndaráðið skipa nemendur úr 2.-6. bekk. Tveir fulltrúar úr nemendafélaginu, nemendur úr 6. bekk, eru kosnir til að sitja í skólaráði.

Hugmyndaráð:

- Fundar 3-4 sinnum í mánuði.
- Fundum stjórnar fullorðinn einstaklingur.
- Fundir eru oftast á sama tíma í hverri viku og eru fulltrúar minntir á fundinn samdægurs.
- Fulltrúar skiptast á að vera ritarar og rita fundargerðir.
- Fulltrúar koma með hugmyndir að uppákomum og hvað sé hægt að bæta í skólanum þeirra.
- Fulltrúar lesa og ræða einu sinni í mánuði hugmyndir og ábendingar úr hugmyndakassa sem staðsettur er á bókasafni.
- Hver fulltrúi kemur einu sinni á skólaárinu fram á palli fyrir hönd nemendafélagsins.
- Sé bekkjarfulltrúi ekki í skólanum á varafulltrúinn að sitja fund í hans stað.
- Verði fulltrúar uppvísir af ósæmilegri hegðun á fundum eða sinna starfi sínu ekki sem bekkjarfulltrúar geta þeir misst rétt til setu í nemendafélagi skólans.

Fundarsköp

- Fulltrúar tilkynna fundarstjóra þegar þeir vilja taka til máls.
- Fulltrúar hlusta ávallt á mál sem borin eru upp.
- Frammíköll eru ekki leyfð á fundum.

Viðburðir og hefðir í félagsstarfi

Hugmyndaráð skólans stjórnar og skipuleggur félagsstarf, íþróttaviðburði, árlega viðhorfakönnun nemenda og aðrar uppákomur í skólanum í samvinnu við félagsstarfskennara, stjórnendur og aðra nemendur skólans.

Hugmyndaráð 2025-2026

Lista yfir nemendur sem skipa hugmyndaráð skólaárið 2025-26 má nálgast hér:

<https://docs.google.com/spreadsheets/d/1rmYAPn9X8-jL05410fn9x5pv7HSE1j4kl5ux9rqkD-Y/edit?usp=sharing>

Hagnýtar upplýsingar um skólastarf

Laugarnesskóli stendur við Kirkjuteig 24 í Reykjavík og er einsetinn grunnskóli fyrir nemendur í 1. - 6. bekk. Laugarnesskóli er hverfis-skóli fyrir Laugarneshverfi og er einn af grunnskólum Reykjavíkurborgar, heyrir undir Skóla- og frístundasvið og tekur námskrá skólans mið af skólastefnu borgarinnar og framtíðarsýn. Þar er að finna ríka áherslu á einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda, skóla án aðgreiningar, góða liðan nemenda, sjálfstæði skóla og gott samstarf við grenndarsamfélag.

Einkunnarorð skólans eru: lífsgleði, **nám**, **samvinna**, **kærleikur**, **ósk**.

Skólahverfi Laugarnesskóla afmarkast af skólahverfi Háteigsskóla í suðri, Austurbæjarskóla í vestri og Langholtsskóla í austri. Skólinn er í útjaðri Laugardalsins og örstutt er í sundlaugarnar, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Grasagarðinn, Laugardalshöll, Laugardalsvöll, skautasvellið og íþróttasvæði Þróttar/Ármanns.

Laugarnes- og Laugalækjarskóli mynda saman grunnskóla Laugarneshverfis, annar starfar á barnastigi og hinn á unglingastigi.

Laugarnesskóli er teiknaður af Einari Sveinssyni húsameistara og er einn af elstu skólum Reykjavíkur Hann tók til starfa 19. október 1935 og fyrsta árið voru tíu kennarar við skólann. Skólann sóttu 214 börn á aldrinum átta til þrettán ára, eitt barn var eldra.

Fjöldi nemenda í Laugarnesskóla hefur verið breytilegur á milli ára. Fjölmennastur var skólinn á árunum 1950 og 1954 en þá voru tæplega 1800 nemendur í skólanum. Frá 1969 var hann eingöngu barnaskóli og frá haustinu 2002 fyrir 1. - 6. bekk.

Frá því að hann hóf störf hafa ýmsar hefðir orðið til sem eru orðnar fastir liðir í skólastarfinu og margt er það sem skapar honum sérstöðu meðal grunnskóla Reykjavíkur. Má þar nefna listaverka- og náttúrugripasafn skólans, söng og leiklistarhefðir að ógleymdu Katlagili. Stefna skólans er að viðhalda grónum hefðum og þróa þær með það að leiðarljósi að nemendur skólans þroskist við að taka þátt í þeim.

Við Laugarnesskóla starfa kennarar, leikskólakennarar og þroskajálfar og aðrir starfsmenn sem sinna hinum ýmsum störfum í tengslum við skólahaldið. Einnig eru starfandi við skólann fjármálastjóri, umsjónarmaður, deildarstjórar, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Lögum samkvæmt starfar foreldraráð við skólann og er hluti af stjórnkerfi hans.

Opnunartími skóla

Skrifstofa skólans er opin frá 8:00 til 15.00 alla virka daga.

Símanúmer og netfang skólans

Símanúmer skólans er 4117444.

Heimasíða skólans er á veffanginu <http://laugarnesskoli.is/>

Netfang skólans er laugarnesskoli@reykjavik.is

Forfallatilkynningar (veikindi, leyfi)

Lög kveða skýrt á um að forráðamenn nemenda sjái um að þeir sæki skóla dag hvern.



Forráðamaður skal tilkynna um veikindi og önnur forföll nemanda á skrifstofu skólans í síma 411 74 44 þann dag sem þau eiga sér stað.

Einnig er hægt að skrá veikindi í [Mentor](#). Tilkynna þarf forföll fyrir hvern dag sem nemandi er fjarverandi.

Að öðrum kosti er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.

Umsjónarkennari getur veitt leyfi í einn dag en ef um fleiri daga er að ræða skal sækja um það á sérstöku eyðublaði til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra. **Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á að nemandi vinni upp það nám sem þeir verða af í leyfum.**

Bókasafn

Skólasafnið var opið kl. 8:00-14:10 mánudaga til fimmtudaga en kl. 8:00-13:00 á föstudögum. Skólasafnið er lokað í frímínútum og matartímum.

Tölvubúnaður

Skólinn hefur yfir að ráða um 150 Chromebook-fartölvum og tæplega 500 iPad-spjaldtölvum fyrir nemendur. Skólinn hleypti haustið 2020 af stokkunum þróunarverkefni þar sem allir nemendur í 3. og 4. bekk fengu afhentar spjaldtölvur til eigin nota. Í dag hafa allir nemendur í 2.-6. bekk spjaldtölvu til afnota í skólanum.

Mötuneyti

Nemendur eiga þess kost að fá heita máltíð í hádeginu sér að kostnaðarlausu. Mikilvægt er samt að skrá í mataráskrift. Þeir sem ekki eru í mataráskrift hafi með sér hollt nesti sem þeir neyta í matsal. Nemendur skulu koma með hollt morgunnesti og mælst er til að þeir komi með ávexti og grænmeti. Sælgæti, sætabrauð og gosdrykkir eru ekki leyfðir í skólanum eða í ferðum á vegum hans nema við sérstök tækifæri. Neysla matar og drykkjar er óheimil á göngum skólans.

Viðtalstímar kennara

Kennarar eru almennt ekki með viðtalstíma en hægt er að senda þeim tölvupóst eða leggja fyrir skilaboð hjá ritara.

- [Áfallaáætlun](#)
- [Eineltisáætlun](#)
- [Forvarnaráætlun](#)
- [Jafnréttisáætlun](#)